borga skipherrum sínum sama risnufé og Skipaútgerðin greiðir sínum skipstjórum. Yfirlýsing þessi er ekki hluti kjarasamnings aðila, enda eingöngu fjallað þar um málefni Landhelgisgæslunnar. Rétturinn til risnugreiðslu byggist því á kjarasamningi, en fjárhæð og fyrirkomulag byggist á samkomulagi framkvæmdastjóra Landhelgisgæslunnar og viðkomandi skipstjóra og er þá hluti ráðningarsamnings, en ekki kjarasamnings.

Þegar af þessari ástæðu verða kröfur stefnanda í málinu ekki teknar til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 7. maí 1986.

Nr. 4/1986. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Sjómannasambands Íslands
vegna Vélstjórafélags Íslands
(Guðný Höskuldsdóttir hdl.)
gegn
Hitaveitu Suðurnesja
(Benedikt Blöndal hrl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður Félagsdóms.

Eftir dómtöku máls þessa hinn 30. f.m. að loknum munnlegum málflutningi þykir rétt, áður en dómur er lagður á málið, samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 56. gr. laga nr. 80/1938 og 69. gr. sömu laga, að veita aðilum kost á því að afla ýtarlegri gagna um eftirtalin atriði:

1. Þeir upplýsi nánar forsögu og tilurð b-liðar í 16. kafla kjarasamnings aðila frá 24. 6. 1984 með því að leiða fyrir dóminn til skýrslugjafar samninganefndarmennina Jón Ólafsson og Ingólf Aðalsteinsson svo og Martein Sigurðsson, enn fremur Albert K. Sanders og Þórð Andrésson.

2. Þeir upplýsi nánar um launakjör vélstjóra í hliðstæðum störfum við félagsmenn Vélstjórafélags Suðurnesja, starfandi hjá Hitaveitu Suðurnesja, með framlagningu fleiri kjarasamninga, sambærilegra við samninginn að ofan.
3. Leggi fram önnur þau gögn, sem ofangreind gagnaöflun gefur tilefni til.

Úrskurður þessi er kveðinn upp af Ólafi Stefáni Sigurðssyni, Birni Helgasyni, Gunnlaugi Briem, Árna Guðjónssyni og Gunnari Guðmundssyni.

Úrskurðarorð:

Aðilum gefst kostur á að afla ofangreindra gagna.

Fimmmtudaginn 22. maí 1986.

Nr. 6/1986. **Vinnuveitendasamband Íslands f.h.**
H/f Eimskipafélags Íslands, Jökla h/f,
Ness h/f, Nesskips h/f, Sjóleiða h/f,
Skipafélagsins Víkur h/f og
Skipaútgerðar ríkisins
(Jón H. Magnússon hdl.)
gegn
Alþýðusambandi Íslands f.h.
Sjómannasambands Íslands vegna
Sjómannafélags Reykjavíkur
(Þorsteinn Eggertsson hdl.).

Yfirvinnubann. Ólögmæt vinnustöðvun. Sjómenn. Gerðardómur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefinni 15. þ. m.